



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi

Erindi nr. P 130/669

komudagur 22.12.2003

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 22.12.2003

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 70/1996, 307 mál.

Alþýðusamband Íslands leggst gegn því að mikilvægum réttindum og skyldum í ráðningarsambandi sé breytt með þeim einhliða hætti sem frumvarpið ber með sér. Um er að ræða, að dregið er úr mikilvægum réttindum allra sem falla undir lögin nr. 70/1996 að því er sagt er til að leita samræmis við almennan vinnumarkað. Launafólk á almennum vinnumarkaði nýtur lítillar verndar gegn órökstuddum og ósanngjörnum uppsögnum og nýtur ekki þeirra lágmarksréttinda sem mælt er fyrir um í samþykkt ILO nr. 158 en lög nr. 70/1996 spegla þann rétt að nokkru. Hvatt er til þess að sú samþykkt ILO verði staðfest. Það frumvarp sem liggur fyrir stefnir gegn því markmiði ASÍ að allt launafólk njóti þeirra lágmarksverndar sem samþykkt ILO nr. 158 mælir fyrir um og leggst því eindregið gegn samþykkt þessa frumvarps.

F.h. Alþýðusambands Íslands,

Magnús M. Norðdahl hrl.,
lögfræðingur ASÍ